Særðir hermenn í Singapore



Þetta er fyrsta myndin, sem borizt hefir hingað til lands frá umsátinni um Singagore. Sýnir hún særða hermenn, sem fluttir hafa verið frá vígstöðvunum til borgarinnar.

900 KRÓNUM STOLIÐ

(Frh. af 2. síðu.)

Um klukkan 10 var mikil ös í búðinni og þurfti hún þá að skipta hundrað krónum og greip til þessara peninga og lagði því næst pokann með peningunum í á borðið. Þegar hún ætlaði að láta þá niður aftur, var pokinn horfinn.

Rannsóknarlögreglan hefir beðið blaðið að skýra frá því, að hún æski viðtals við þá, sem kunna að hafa verið staddir í umræddri búð um þetta leyti í gærmorgun.

Aðalfundur Verklýðsfélagsins á Akranesi.

Í félaginu eru nú um 500 félagar.

AÐALFUNDUR Verkalýðsfélags Akraness var haldinn í febrúarmánuði síðastliðnum. — Fundurinn var fjölmennur og fór í alla staði vel fram.

Í stjórn voru kosnir:

Halfdán Sveinsson, formaður, Ásmundur Gíslason, ritari, Ólafur Árnason, gjaldkeri.

Innan félagsins eru starfandi 5 deildir, sjómannadeild, verkamannadeild, verkakvennadeild, vélamannadeild og bifreiðastjóradeild. Hver deild hefir sérstaka þriggja manna stjórn og er formður hverrar deildar sjálfkjörinn í aðalstjórn félagsins.

Í félaginu eru rösklega fimm hundurð meðlimir.

Deildinar eru ekki enn þá búnar að halda aðalfundi sína, og veldur þar miklu um annir manna og húsnæðisvandræði til fundarhalda.

Árstillag karla eru kr. 20,00 og kvenna kr. 12,00 og rennur fjórði hluti gjaldanna í húsbyggingarsjóð félagsins. Á aðalfundi var kosin 7 manna nefnd til að vinna að húsbyggingarmálinu.

Aðalfundur Verklýðs félags Álftfirðinga.

Mótmæli gegn kúgunarlögum ríkisstjórnarinnar.

AÐALFUNDUR Verkalýðsfélags Álftfirðinga, Súðavík, var haldinn 24. febrúar s. l.

Í stjórn voru kosnir: Ólafur Jónsson, formaður, Kristján Sturlaugsson, ritari, Samúel Samúelsson, féhirðir.

Samþykkt var að breyta nafni félagsins og heitir það nú Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga.

Til þessa hefir starfað innan vébanda félagsins sjómannadeild, sem hefir haft sérstaka stjórn Á aðalfundinum var deild þessi lögð niður, en meðlimir hennar eru eftir sem áður innan verkalýðsfélagsins. Var nafni félagsins breytt í samræmi við skipulagsbreytinguna á félaginu.

Á fundinum var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Aðalfundur Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga, haldinn 24. febrúar 1942, mótmælir harðlega því gerræði, er ríkisstjórn Íslands framdi þann 8. janúar 1942, með útgáfu bráðabirgðalaga um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Fundurinn lítur svo á, að enn þá séu ýmsar stéttir þjóðfélagsins færari um að bera byrðar dýrtíðarinnar, en verkalýður þessa lands, en með bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá 8. janúar 1942, fær fundurinn ekki annað séð, en byrðum dýrtíðarinnar sé á freklegan hátt velt á herðar alþýðunnar í landinu.

Fundurinn telur því slík lög hið herfilegasta brot á þingræði og lýðfrelsi, þar sem allur réttur launþega um íhlutun um kaup og kjör þeirra er af þeim tekinn.

Ennfremur skorar fundurinn á yfirstandandi Alþingi að fella úr gildi gerðardómslögin og veita verkalýðsfélögunum og öðrum stéttafélögum þann rétt er þau höfðu fyrir gildistöku þeirra."

Hljóðfæraleikarar halda aðalfund.

AÐALFUNDUR *Félags ísl. hljóðfæraleikara var haldinn nýlega.*

Í stjórn voru kosnir:

Bjarni Böðvarsson, form.

Skafti Sigþórsson, ritari.

Árni Björnsson, gjaldkeri.

Í varastjórn voru kosnir:

Sveinn V. Ólafsson og Poul Bernburg.

Fél. ísl. hljóðfæraleikara er stofnað 28. febrúar 1932, og átti því tíu ára starfsafmæli síðastliðinn laugardag.

Spánverjar lifa við hungur á okkar mælikvarða.

Samtal við Guðna Thorlacius, fyrsta stýrimann á „Aretie".

ÍSLENDINGAR mundu kalla þetta hungur. Fólkið í spænsku hafnarbæjunum skortir allt til alls."

Þannig lýsir Guðni Thorlacius, 1. stýrimaður á v/s. „Arctic", ástandinu á Spáni. — Þeir eru nýkomnir úr Spánarför, og lágu í höfn í Vigó á Norður-Spáni frá 20. des. til 15. febrúar s.l.

Íbúatala Vigo-borgar er ca. 100.000 manns, og er aðalatvinnuvegurinn fiskveiðar. — Menn fiska aðallega á línu og troll, skipin eru gamaldags og eru knúin kolavélum. En svo mikill er skorturinn á kolum um þessar slóðir, að skipin fóru oft til veiða með spýtnahrúgu á þilfarinu í kolastað. En kolin hrökkva tæplega til nauðsynlegustu járnbrautarsamgangna.

— Virðist þér mikil fátækt ríkjandi þarna? spyr tíðindamaður Alþýðublaðsins Guðna Thorlacius.

„Já, fátæktin er afarmikil og ástandið er áreiðanlega miklu lakara en þegar ég kom til Spánar skömmu fyrir borgarastyrjöldina."

—Sýndist ykkur fólkið skorta mat?

„Já, og sá skortur var svo tilfinnanlegur, að það er reglulegt hungur á ísl. mælikvarða. T. d. get ég sagt ykkur það, að ef við lágum upp við bryggju í höfninni, kom oft fjöldi fólks að skipinu og rétti dollur og önnur ílát inn yfir borðstokkinn til að sníkja mat. Þetta voru bæði konur og börn — einkum þó börn. Og þetta fólk var jafnvel tötralegra en fólk var áður í snauðustu hafnaborgum, eins og Bilbao og Barcelona. — Verðlag á matvörum er óskaplega hátt, — af keti kostar kílógrammið t. d. 15 peseta, eða um 9 kr. Fiskurinn er heldur ódýrari. Menn lifa mest á grænmeti og svo krabba og skelfiski."

— Af hverju telur þú að þessi bágindi stafi?

„Bæði er það, að Spánn hefir enn ekki náð sér eftir hörmungar borgarastyrjaldarinnar, og svo er siglingaleysið sérstaklega tilfinnanlegt eins og nú standa sakir. Áðflutningar eru að verulegu leyti tepptir."

—Og hverju kennir fólkið um þetta hallæri?

„Almenningur kennir Franco aðallega um, og yfirleitt virðist andúðin gegn fasistastjórninni vera mjög útbreidd. En þar er varlegra fyrir fólk, að tala ekki mikið um það. Alls staðar eru njósnarar á sveimi."

— Hvað er um kaupgjaldsmálin þarna?

„Kaupgjaldið er auðvitað skammtað og er afar lágt. — Þarna er nóg framboð af vinnukrafti fyrir sáralítið verð."

Happdrætti Háskóla Íslands

6000 vinningar
30 glaðningar

Samtals 1 milljón 400 þús. krónur. Heilmiðar og hálfmiðar seldust upp í fyrra. Mjög miklar líkur til þess, að bráðlega verði einnig hörgull á fjórðungsmiðum. Kaupið því miða strax.



Látið slíkt ekki henda yður!

Lítið á Rafskinnu í Rafskinnuglugganum og takið þátt í getraun happdrættisins.